



FERÐAÞJÓNUSTA OG SKOTVEIÐAR Á ÍSLANDI



**Northern
Periphery
Programme**

2007–2013

Innovatively investing
in Europe's Northern
Periphery for a sustainable
and prosperous future



European Union
European Regional Development Fund

HANDBÓK

FERÐAÞJÓNUSTA

OG SKOTVEIÐAR Á ÍSLANDI

Útgefandi: Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, RHA

Hönnun og umbrot: Hjördís Sigursteinsdóttir

Mynd á forsiðu
og baksíðu: Lára Guðmundsdóttir

Ritstjóri: Hjördís Sigursteinsdóttir

Höfundar efnis: Eyrún Jenný Bjarnadóttir
Hjördís Sigursteinsdóttir
Steinar Rafn Beck
Valtýr Sigurbjarnarson

ISBN: 978-9979-834-97-7

Útgáfuár: 2011

Frá höfundum

Í þessari handbók er að finna nýtsamar upplýsingar fyrir aðila í ferðaþjónustu sem bjóða skotveiðar sem afþreyingu. Þessi handbók er afrakstur samnorræns verkefnis sem miðaði að því að styðja við þróun skotveiðitengdrar ferðaþjónustu og auka fjölbreytileika hagkerfisins á norðurslóðum. Leiðarljós verkefnisins var hin þrífætta sjálfbærni, þ.e. félagsleg-, vistfræðileg- og efnahagsleg sjálfbærni ásamt nauðsyn þess að skoða þessa þrjá þætti í samhengi þannig að leitast sé við að hámarka efnahagslega og félagslega velferð án þess að umhverfið verði fyrir skaða.

Þetta samnorræna verkefni nefnist á ensku North Hunt – Sustainable Hunting Tourism in Northern Europe og er styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (Northern Periphery Programme). Verkefnið var unnið á árunum 2008-2010 í samstarfi við frumkvöðla í skotveiðitengdri ferðaþjónustu, veiðimenn, atvinnuþróunarfélög, ráðgjafa, háskóla og rannsóknastofnanir o.fl. í Finnlandi, Svíþjóð, Skotlandi og Kanada.

Megintilgangur verkefnisins var að styrkja starfsumhverfi frumkvöðla í skotveiðitengdri ferðaþjónustu á norðurslóðum með alþjóðlegri samvinnu. Auk þess var markmiðið að draga úr hindrunum sem þessir frumkvöðlar standa frammi fyrir án þess að draga úr kröfum um sjálfbærni og umhverfisvæna skotveiði. Gerð þessarar handbókar er liður í því verkefni.

Skotveiðitengd ferðaþjónusta sem byggist á sjálfbærni getur stuðlað að fjölbreytni í atvinnulífi og tekjuöflun í dreifbýli og þannig styrkt hagkerfið á tilteknu svæði. Þrátt fyrir að skotveiðin sé aðaltilgangur ferðar skotveiðimannsins er hann jafnframt líklegur til að nýta sér ýmiss konar þjónustu í tengslum við veiðarnar, s.s. leiðsögn, gistingu, veitingar og aðra afþreyingu í nágrenni við hans veiðisvæði.

Ef rétt er að farið getur skotveiðitengd ferðaþjónusta verið hvatning fyrir samfélög í dreifbýli til að varðveita náttúru- og

dýralíf á viðkomandi svæði. Sé skipulagning skotveiðinnar hins vegar ekki byggð á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar er hætta á að neikvæðra áhrifa verði vart t.d. með ofnýtingu dýrastofna og mikils ágangs á náttúruna. Slíkt getur valdið togstreitu milli þeirra sem eiga veiðilendurnar og veiðimanna.

Upplýsingarnar í þessari handbók eru ekki tæmandi. Auk þess kunna þær að úreltast í tímans rás. Höfundar hvetja áhugasama ávallt til sannreyna upplýsingar sem eru í þessari bók áður en lagt er af stað í skotveiðitengdri ferðaþjónustu. Gagnlegt getur verið að skoða hvar nánari upplýsingar er að finna í kaflanum „gagnlegar heimasíður“ í lok bókarinnar.

Það er von aðstandenda verkefnisins að upplýsingarnar muni nýtast sem flestum er hyggja á uppbyggingu ferðaþjónustu í kringum skotveiðar og efli um leið enn frekar þessa tegund afþreyingar í íslenskrri ferðaþjónustu.

Öllum þeim er veittu upplýsingar og/eða komu að þessu verkefni með öðrum hætti eru færðar bestu þakkir fyrir.

Hjördís Sigursteinsdóttir er sérfræðingur hjá RHA - Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri. Hjördís sem var verkefnisstjóri þessarar rannsóknar er með MA-gráðu í félagsvísindum frá HÍ (2008), post-graduate diploma í gæðastjórnun frá HA (1998) og B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá HA (1997).

Eyrún Jenný Bjarnadóttir er sérfræðingur hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála. Eyrún er með B.Sc.-gráðu í ferðamálafræði frá Háskóla Íslands frá 2003 og Cand. Mag. í samskiptafræðum frá Háskólanum í Álaborg, Danmörku, 2007.

Steinar Rafn Beck er sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun. Steinar er með B.Sc honor - gráðu í sjávarútvegsfræði (2004) og M.Sc í auðlindafræði (2006) frá Háskólanum á Akureyri.

Valtýr Sigurbjarnarson er sérfræðingur hjá RHA. Valtýr er með B.Sc gráðu í landafræði (1981) frá Háskóla Íslands.

Efnisyfirlit

Skotveiðitengd ferðaþjónusta	9
Réttindi til veiða á Íslandi	18
Hvaða bráð má veiða á Íslandi?	22
Sjálfbærar skotveiðar	32
Meðferð og nýting villibráðar	37
Friðlýst svæði	44
Góðir starfshættir fyrirtækja	46
Starfsleyfi í skotveiðitengdri	
Ferðaþjónustu	52
Öryggi og útbúnaður	58
Tryggingar	63
Gagnlegar heimasíður	68



Mynd: Lára Guðmundsdóttir

Skotveiðitengd ferðþjónusta

Hvað er skotveiðitengd ferðþjónusta?

Skotveiðitengd ferðþjónusta er tiltölulega ný atvinnugrein þó svo að veiðar á villtum dýrum hafi verið stundaðar frá örófi alda. Slík þjónusta er enn lítt þekktur hluti ferðamennsku en þó er talið að miklir möguleikar séu fyrir hendi til að nýta þessa tegund ferðþjónustu við byggðaðþróun.

Það er stundum óljóst hvenær skuli tala um skotveiðitengda ferðþjónustu. Hér á landi leigja ýmsir bændur og landeigendur gæsaveiðimönnum og/eða öðrum veiðimönnum jarðir sínar þó svo að þeir fyrrnefndu myndu seint telja sig stunda ferðþjónustu vegna þessa fyrirkomulags. Það sama má segja um veiðimenn sem ganga til veiða á afréttum og almenningum utan landareigna þar sem í fljótu bragði getur verið erfitt að koma auga á ferðþjónustuþáttinn í þeim veiðum.

Þrátt fyrir það hefur smám saman færst í aukana að fyrirtæki og einstaklingar bjóði upp á ýmiss konar þjónustu við skotveiðimenn í tengslum við veiðar þeirra.

*Ferðamennska
snýst um
ferðalög allra
þeirra sem
ferðast eða óska
þess að ferðast
og nota þjónustu
á stöðum fjarri
daglegu
umhverfi sínu*

***Skotveiðitengd ferðþjónusta verður til
vegna athafna skotveiðimanna sem
ferðast að heiman á veiðisvæði,
stundum erlendis, til að stunda skot-
veiðar og óska eftir tiltekinni þjónustu***

Skotveiðitengda ferðapjónustu má skilgreina sem þjónustu við veiðimenn **sem ferðast að heiman á önnur veiðisvæði**, stundum erlendis, til þess að stunda skotveiðar.

Veiðimaðurinn kann að hafa einhverja þekkingu á veiðisvæðunum eða bráðinni en það er þó ekki skilyrði. Veiðimenn hafa misjafnlega sterk tengsl við veiðisvæðin og fólk sem þar býr. Líklegt er að tengslin fari dvínandi eftir því sem veiðimaður þarf að fara lengra frá heimkynnum sínum til að stunda veiðarnar.

Þrátt fyrir að skotveiði sé aðaltilgangur ferðar veiðimannsins er sennilegt að hann nýti sér ýmiss konar þjónustu á því svæði sem hann veiðir, enda er **persónubundið hvers konar og hve mikla þjónustu veiðimenn hafa þörf fyrir**. Til dæmis hafa sumir veiðimenn einungis þörf fyrir aðgengi að veiðilendum, aðrir þurfa einnig gistiþjónustu, veitingapjónustu eða leiðsögn svo fátt eitt sé nefnt. Þannig getur veiðimaður einungis haft þörf fyrir eitt af ofantöldum atriðum eða fleiri.

„Skotveiðitengd ferðapjónusta felur í mínum huga í sér að seld er þjónusta til veiða á dýrastofnum. ... Vert er að minna á að (veiði-) dýr og fuglar merkunnar eru ekki eign seljenda ferðapjónustunnar, heldur er eingöngu verið að selja afnot af landi og þjónustu tengda þess að ná í bráð og fullnægja grunnþörfum s.s. í mat og drykk og aðstaða til hvíldar og afþreyingar.

(Íslenskur veiðimaður)

Umsjón málaflokksins

Umhverfisráðuneytið fer með mál er varða **náttúruvernd, friðlýsingar, dýravernd, veiðistjórn**, mengunarvarnir, eiturefnaeftirlit, loftslagsmál, líffræðilega fjölbreytni, skógrækt, landgræðslu, skipulagsmál, landmælingar, byggingarmál, brunavarnir, veðurþjónusta, vatnamælingar, ofanflóð, náttúruvá, umhverfisrannsóknir og umhverfisvöktun svo og fræðslu á sviði umhverfismála.

Umhverfisráðuneytið fer með mál er m.a. varða náttúruvernd, friðlýsingar, dýravernd og veiðistjórn

Umhverfisstofnun heyrir undir umhverfisráðuneytið en hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Deild lífríkis og veiðistjórnunar á sviði náttúruauðlinda fer með veiðimál en sviðið starfar á m.a. grundvelli laga nr. 64/1994. Samkvæmt þeim lögum er stofnuninni falin yfirumsjón með öllum fuglaveiðum og veiðum á landspendýrum á Íslandi. Allir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum, sbr. ofangreind lög, skulu afla sér veiðikorts. Veiðikort þarf ekki til eggjatöku. Náttúruauðlindasvið Umhverfisstofnunar annast útgáfu veiðikorta.

Borgir við Norðurslóð - 600 Akureyri.

S. 591-2000 fax 591-2020 -veidistjorn@ust.is.

Iðnaðarráðuneytið fer með mál er varða ferðaþjónustu á Íslandi en lögum samkvæmt sér Ferðamálastofa um framkvæmd ferðamála. Ferðamálastofa sér m.a. um útgáfu leyfa, skráningu á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt. Ennfremur sér hún um þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðaþjónustu, þ.e. framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu, samræmingu umhverfis- og fræðslumála, miðlun upplýsinga, svæðisbundna þróun og alþjóðlegt samstarf. Þá sér Ferðamálastofa um markaðs- og kynningarmál ferðaþjónustu, í samræmi við ákvörðun iðnaðarráðherra hverju sinni

Iðnaðarráðuneytið fer með mál ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofa sér um framkvæmdina

Geirsgata 9 – 101 Reykjavík

S. 535-5500, fax 535-5511 – upplýsingar@ferdamalastofa.is

Hvenær getur skotveiðimaður talist ferðamaður?

Lágmarksdvöl ferðamanns er sólarhringur og hámarksdvöl er eitt ár

Dagferðamenn eru þeir gestir sem koma á áfangastað og fara samdægurs

Það er gerður greinarmunur á skotveiðum heimamanna og skotveiðum aðkomumanna

Á Íslandi skilgreinir Ferðamálastofa ferðamann þann sem dvelur að minnsta kosti eina nótt á áfangastað en þó skemur en eitt ár. Samkvæmt þessari skilgreiningu mætti segja, að **veiðimaður sé ferðamaður þegar hann dvelur í sólarhring eða meira, en skemur en eitt ár, á því svæði þar sem hann veiðir.**

Ferðamálastofa skilgreinir einnig almenna dagsferðamenn sem þá ferðamenn sem koma á áfangastað í ýmsum tilgangi en fara aftur sama daginn. Veiðimenn dvelja ekki allir nætur-langt í veiðiferðum og sumir hafa tök á að komast heim úr veiðiferð fyrir nóttina. Þessir veiðimenn þurfa því ekki gistiþjónustu en gætu þurft aðgengi að landi, t.d. með því að kaupa dagsleyfi með eða án leiðsagnar, veitingar o.fl.

Þrátt fyrir þessar skilgreiningar ber að hafa hugfast að **skotveiðimenn eru ekki allir ferðamenn.** Stór hópur veiðimanna hefur aðgengi að veiðilendum í nágrenni við heimili sitt (hvort sem er í almenningi eða einkalandi), eiga jafnvel veiðirétt þar og þurfa yfirleitt enga sérstaka þjónustu sem ferðaþjónustuaðilar bjóða upp á. Þó er ekki útilokað að veiðimenn, sem oftast veiða í heimahéraði, muni einhvern tímann ferðast út fyrir sitt svæði og veiða sem ferðamenn á ókunnun svæði.



Mynd: Lára Guðmundsdóttir

Hvers vegna er þörf á ferðþjónustu fyrir skotveiðimenn?

Fyrirtæki sem hafa hug á að bjóða upp á þjónustu við veiðimenn geta m.a. **komið til móts við hóp veiðimanna, bæði innlendra og erlendra, sem hafa takmarkaða möguleika til að komast í veiði** með öðrum hætti en að kaupa veiðileyfi og/eða þjónustu í samfara því. Viðs vegar í heiminum þurfa veiðimenn sem búa í þéttbýli að fara langt frá heimkynnum sínum til þess að stunda skotveiðar. Hér á landi hafa heyrst raddir um að sumir veiðimenn eigi erfitt með að finna sér ákjósanleg veiðisvæði, gjarnan á einkalandi og vita ekki alltaf hvernig þeir eigi að bera sig eftir þeim. Erlendis er þekkt að í þannig aðstæðum geta slík vandamál dregið úr þátttöku þeirra í veiðum. Að finna veiðisvæði getur verið hindrun sem er erfitt fyrir veiðimanninn að yfirstíga. Þegar þannig háttar getur skotveiðitengd ferðþjónusta komið til hjálpar.

Sumir veiðimenn hafa takmarkaða möguleika til að komast í veiði

„Þú ert þátttakandi í náttúrunni og gengur vel um og ert að gera margt annað en bara að veiða.

Það er líka hægt að vera í fuglaskoðun í þessu þegar maður er í felubúningnum og fuglinn sér þig ekki. Hann skynjar kannski hreyfingu en áttar sig ekki á að þetta er maður og verður mjög forvitinn. Ég hef oft rekist á uglur og fálka þegar maður er að veiða sem ég held að myndi ekki gerast af því að fuglinn fattar ekki hvað þetta er.

Maður hefur upplifað margt í kringum þetta og eins á morgnana þegar sólin er að koma upp og á kvöldin yfir lágnættið og svona.”

(Íslenskur veiðimaður)

Þarfir veiðimanna

**„Þetta er hobby, þetta er ekki bara það að taka í gikkinn, heldur líka sú upplifun að vera úti á landi og í hljóði og fallett umhverfi og þú veist, bara að njóta þess að vera úti og sem er nálægt þér og ef þú skýtur þá er það bara heppni. Gam-
an að fá bráð, félagskapurinn er líka málið.
Þetta er ekki bara spurning um veiðina heldur
upplifun og náttúru líka.“**

(Ferðaðþjónustuaðili)

*Veiðimenn hafa
ólíkar þarfir fyrir
þjónustu*

Það getur verið misjafnt eftir svæðum og eðli veiðanna hvers konar þjónustu skotveiðimenn hafa þörf fyrir. Sumir veiðimenn hafa einungis þörf fyrir aðgengi að landi og upplýsingum um veiðilendur og í þeim tilfellum væri t.d. hægt að bjóða upp á veiðileyfi í einn dag eða meira. Aðrir kunna að þurfa meiri þjónustu sem fyrirtæki í skotveiðitengdri ferðaþjónustu getur sniðið að þörfum veiðimanna.

Talið er að þeir skotveiðimenn sem ferðast langt að þyki almennt viljugri til að greiða meira fyrir veiðiuþplifanir heldur en heimamenn sem stunda skotveiðar. Þá þykja skotveiðimenn einnig vera líklegir til að nýta sér einhvers konar samgöngutæki til að komast um innan svæðis, jafnvel kaupa gistingu, matvöru, afþreyingu eða annars konar þjónustu í nágrenni við veiðisvæðið.

„Ég held að fólk sé ekkert í hjarta sínu á mótí veiðum. Flestir Íslendingar eru enn sem komið er tengdir fólki á landsbyggðinni og nýtingu náttúrunnar. Veiðar eru bara að nýta náttúruna. Við erum fiskveiðiþjóð. Fljúgandi fugl eða syndandi fiskur. Það er enginn munur þar á.“

(Íslenskur veiðimaður)



Mynd: Lára Guðmundsdóttir

Upplifun veiðimannsins

*Upplifun sem
veiðimaður
sækist eftir er
ekki bara að
skjóta bráð*

Veiðiferðamennska hefur á sér margar hliðar umfram sjálfar veiðarnar og þá þjónustu sem veiðimenn kjósa. Í ferðamennsku eru ferðamenn iðulega að sækjast eftir einhvers konar upplifun og sömu sögu má segja um veiðimanninn. Fyrirtæki eða einstaklingar sem ætla sér að bjóða upp á ferðaþjónustutengda veiði þurfa að hafa hugfast að sú upplifun sem veiðimaður sækist eftir er ekki endilega eingöngu það að skjóta villt dýr og fugla úti í náttúrunni heldur einnig félagsleg athöfn sem hefur djúpstæðari rætur. Þegar gæði þeirrar þjónustu sem boðið er upp á eru skoðuð ber að hafa í huga að upplifun veiðimannsins getur haft fleiri víddir sem eru samtengdar, sjálfstæðar og skarast í senn.



Mynd: Hákan Gyllbring

Upplifanir í veiðiferðamennsku

Hvað felur veiðimennska í sér?

<i>Hin huglæga</i>	<i>Tengjast náttúrunni og upplifa hana</i>
<i>Hin tilfinningalega</i>	<i>Gleði og það að njóta veiðanna, finna spennuna og nota skilningarvitin til hins ýtrasta</i>
<i>Hin vitsmunalega</i>	<i>Upplifun nýrra staða og menningar, ævintrýraleit og fræðsla um náttúruna</i>
<i>Hin líffræðilega</i>	<i>Afþreying, að slaka á og nota eðlis ávísunina, veiða til að ná í kjöt</i>
<i>Hin félagslega</i>	<i>Samvera með vinum/ættingjum, rækta vinskapinn gera eitthvað sem er hluti af menningunni/arfleifðinni</i>

Radder, L. (2005). Motives of international trophy hunters. *Annals of Tourism Research*, 32, 1141-1144

„Það að veiða er ekki bara að taka í gikkinn heldur að vera úti í náttúrunni og upplifa fallett umhverfi og njóta þess að vera úti. Ef þú skýtur þá er það bara heppni. Það er alltaf gaman að taka bráð, ég segi það ekki, en ég held að ef þú ferð að tala við veiðimennina þegar þeir eru að veiðunum þá held ég að þeir myndu segja þeir að það er æðislegt að vera úti í náttúrunni, það er hljótt. Það eru bara tveir til þrír vinir að spjalla. Svo kemur hópurinn, maður skýtur, það er rosa spennu, svo er maður bara þrír vinir aftur að spjalla.“

(Ferðapjónustuaðili)

Réttindi til veiða á Íslandi

Öllum er heimilt að veiða á afréttum og almenningum

Almenningur má veiða á öllum svæðum sem ekki eru undir beinum eignarrétti þ.e. afréttum og almenningum. Reglurnar um veiðar eru einfaldar en það er ekki alltaf einfalt að vita hvaða svæði falla undir þessa skilgreiningu og hvar mörkin liggja. Það getur verið mjög snúið enda hefur verið deilt um eignarrétt að afréttum og almenningum á hálendi Íslands mjög lengi og má rekja helstu árekstra milli veiðimanna og landeigenda til þess.

Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum fjalla um veiðar á Íslandi

Upplýsingar um þjóðlendur á obbyggðanefnd.is

Óbyggðanefnd fjallar um mál sem snúa að þjóðlendum í eigu ríkisins. Úrskurðir nefndarinnar munu hafa mikla þýðingu fyrir skotveiðimenn á Íslandi því þar mun koma skýrt fram um eignarhald á landi og hvar mörkin liggja. Hægt er að skoða kort af dómum sem hafa fallið í þjóðlendumálum á heimasíðu nefndarinnar.

Allir sem hafa tilskilin leyfi mega veiða á Íslandi, þó með takmörkunum

Hverjir mega veiða á Íslandi?

Samkvæmt 8. gr. laga 64/1994 eru íslenskum ríkisborgurum og erlendum ríkisborgurum með lögheimili á Íslandi heimilar dýraveiðar á almenningum og afréttum utan landareigna lögbýla enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Einnig er íslenskum ríkisborgurum heimilt að veiða utan netalaga landareigna.

Réttur landeigenda

Landeigendum er einum heimilar veiðar og ráðstöfunar-
réttur þeirra á landareign sinni nema lög mæli öðruvísi fyrir.
Þennan rétt er ekki hægt að skilja frá landareign að hluta eða
öllu leyti fyrir fullt og allt. Heimilt er þó að skilja veiðirétt frá
landareign í tiltekið tímabil en þó ekki lengur en 10 ár.

Landareign í sameign skal hafa skýrt afmörkuð landamerki
þar sem afnota- eða eignaskipting kemur fram og hver réttur
viðkomandi til dýraveiða er nema samkomulag hafi orðið
um aðra lögmæta skipan. Landareign í óskiptri sameign
gefur viðkomandi landeigendum jafnan rétt til dýraveiða í
jöfnu hlutfalli við afnotarétt lands nema að komist hafi verið
að annarri skipan.

Landareignir skipta með sér veiðirétti við miðlínu þar sem
stöðuvötn, firðir, vogar eða sund eru ekki breiðari en 230 m
og á það einnig við í ám og lækjum. Ef stöðuvötn eru breiðari
en 230 m þá er landeigendum einum heimilar dýraveiðar á
almennungi og þá með jöfnum rétti nema annað sé sérstak-
lega tekið fram.

*„Ég lít á það sem ákveðinn rétt minn sem íslenskur
ríkisborgari að geta stundað veiðar í íslenskri
náttúru og ég þarf ekkert að borga margra vikna
laun fyrir það. Ég get bara farið og veitt ef ég fæ leyfi
hjá landeiganda eins og ég hef alltaf gert. Ef þessu er
fórnað fyrir túrista hagsmuni að leiðarljósi þá tel ég
þetta skref aftur á bak fyrir veiðar sem slíkar. Það er
þörf á að bæta veiðimenninguna á Íslandi en ekki
hvað þetta varðar.“*

(Íslenskur veiðimaður)

*Skotvopnanámskeið
og
veiðikortanámskeið*

Hvaða leyfi þarf til skotveiða?

Íslenskir og erlendir ríkisborgarar **með lögheimili á Íslandi** þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur til að fá leyfi til að halda til veiða. **Einstaklingur þarf að fara á skotvopnanámskeið til að fá útgefið skotvopnaleyfi.** Slíkt leyfi veitir ekki heimild til veiða og **því þurfa einstaklingar að fara á veiðikortanámskeið** sem hefur það að markmiði að fræða um þær tegundir og tímabil sem veiða má á. Umhverfisstofnun heldur skotvopna- og veiðikortanámskeið og gefur út veiðikort. Sjá nánar sér kafla um veiðikortið á bls. 30. Lögreglu- og sýslumannsembætti gefa út skotvopnaleyfi.

Erlendir veiðimenn

Erlendir veiðimenn skulu afla sér veiðikorta samkvæmt u. gr. laga nr. 64/1994 en að öðru leyti fullnægja sömu kröfum og íslenskir veiðimenn. **Erlendir ríkisborgarar þurfa að sýna fram á að þeir hafi skotvopnaleyfi í heimalandi sínu og jafnframt að þeir hafi veiðikort.** Þá þurfa þeir að sækja um veiðikort hjá Umhverfisstofnun til að þeim séu heimilar veiðar á Íslandi.

Ábyrgðarmenn

Til að sækja um veiðikort, þurfa erlendir ríkisborgarar að hafa íslenskan ríkisborgara, með gilt veiðikort, skráðan á umsóknina

Þeim sem skráður er á umsóknina ber skylda til að uppfræða erlenda veiðimanninn um veiðitegundir og lög og reglur sem gilda um veiðarnar á Íslandi, m.a. að senda inn veiðiskýrslu að loknum veiðum.

Veðiðimaður búsettur á Íslandi þarf:		
Leyfi	Námskeið	Afgreiðslustaður
Skotvopnaleyfi	Námskeið hjá Umhverfisstofnun	Lögreglustjóri/sýslumaður þar sem viðkomandi býr
Veiðikort	Námskeið hjá Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun

Veðiðimaður búsettur erlendis þarf:	
Leyfi	Hvar fást þau?
Skotvopnaleyfi	Frá heimalandi veiðimannsins
Veiðikort	Frá heimalandi veiðimannsins
Íslenskt veiðikort	Hjá Umhverfisstofnun

Ábyrgð landeiganda/fyrirtækis

Sá sem býður upp á ferðaþjónustu við skotveiðimenn ber ábyrgð á þeim veiðum sem eru stundaðar á hans landi eða landi sem hann hefur umsjón með. Mikilvægt að ganga úr skugga um að **veiðimenn séu með öll tilskilin leyfi til veiðanna þ.e. skotvopnaleyfi og gilt veiðikort**. Þetta á bæði við um veiðimenn með lögheimili á Íslandi og þá sem koma erlendis frá.

Landeigandi/fyrirtæki ber ábyrgð á sínum veiðimönnum

Venjulega sjá fyrirtækin um að ganga frá leyfum fyrir hönd sinna viðskiptavina (veiðimanna) sem eru búsettir erlendis svo að allt sé löglegt. **Fyrirtækið óskar eftir afriti af skotvopnaleyfi og veiðikorti frá veiðimanninum áður en hann kemur til landsins.** Fyrirtækið sendir þessi gögn til Umhverfisstofnunar sem gefur þá út veiðikort. Hafa ber í huga að sá sem gengst í ábyrgð fyrir hinn erlenda veiðimann þarf sjálfur að vera með skotvopnaleyfi og gilt veiðikort á Íslandi. Að lokinni veiðiferð þarf sá sem gengst í ábyrgð að skila inn veiðiskýrslu vegna veiða hins erlenda veiðimanns á Íslandi.

Hvaða bráð má veiða á Íslandi?

Fuglavefurinn á
www.veidikort.is

Á Íslandi má veiða 27 tegundir af fuglum og þar af eru fjórar sem má veiða allt árið. **Mjög mikilvægt er að veiðimenn þekki þá fugla sem má skjóta.** Hægt er að skoða myndir af þeim á fuglavefnum sem nálgast má í gegnum **veidikort.is**. Á vefnum er einnig að finna ýmsar upplýsingar um fugla. Lög nr. 64/1994 fjalla um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum á Íslandi og ber þeim sem hyggjast stunda veiðar að kynna sér innihald þeirra.

Ein af megin reglum laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum vísar til er 6. gr. Hún fjallar um að villt dýr, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru friðuð nema annað sé tekið fram í lögum. Þessa grein er nauðsynlegt að hafa í huga. Á töflunni hér til hliðar má sjá lista yfir þær tegundir sem má veiða og veiðitímabil viðkomandi tegunda eins og staðan er þegar þetta er skrifað (apríl 2011). Hafa ber í huga að breytingar á þessu geta átt sér stað milli ára.

Vinsælustu veiðitegundir á Íslandi eru rjúpa, grágæs, hreindýr og svartfugl. Á næstu síðum verður fjallað um veiðitímabil, þróun veiðistofna og fleira sem varðar veiðar úr viðkomandi stofni veiðidýra.

*„Tækifærin eru klárlega í sjófugl, gæs og ref.
Refurinn er vissulega tækifæri. Kostnaður
sveitarfélaga vegna refaveiða er gríðarlega mikill
sem hægt væri að snúa upp í tækifæri fyrir ferða-
þjónustu. Hann er meindýr.”*

(Íslenskur frumkvöðull)

Veiðitímabil

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Ágúst	Septembur	Október	Nóvember	Desember	Tímabil
Minkur	Ekki þarf veiðikort til þess að veiða mink												Allt árið
Refur	Einungis ráðnar grenjaskittur mega veiða 1.05-31.07												Allt árið
Selir	Ekki þarf veiðikort til þess að veiða seli												Allt árið
Svartbakur													Allt árið
Sílamáfur													Allt árið
Silfur máfur													Allt árið
Hrafn													Allt árið
Grágæs													20.08-15.03
Heiðgæs													20.08-15.03
* Helsingi													01.09-15.03
Blesgæs													Veiðibann
Fýll													01.09-15.03
Dilaskarfur													01.09-15.03
Toppskarfur													01.09-15.03
Stökkönd													01.09-15.03
Urtönd													01.09-15.03
Rauðhöfðaönd													01.09-15.03
Duggönd													01.09-15.03
Skúfönd													01.09-15.03
Hávella													01.09-15.03
Toppönd													01.09-15.03
Hvitmáfur													01.09-15.03
Hettumáfur													01.09-15.03
Rita													01.09-15.03
Álka													01.09-15.03
Langvía													01.09-10.05
Stuttnefja													01.09-10.05
Teista													01.09-10.05
** Lundi													01.09-10.05
Rjúpa													Auglýst árlega
*** Kjói													15.04-14.07
**** Hreindýr													01.08-15.09

* Helsingi er friðaður til 25.september í A-Skaftafellssýslu

** Hávaveiðar eru leifilegar á viðurkenndum hlunnindasvæðum 01.07-15.08 á lunda, álku, stuttnefju og langvíu

*** Aðeins í og við friðlýst æðarvarp

**** Sækja þarf sérstaklega um leyfi til að veiða hreindýr

Veidimönnum og öðrum sem hyggjast stunda- eða bjóða upp á veiðar ber að kynna sér veiðitegundir og tímabil þar sem slíkt getur breyst á milli ára.

Rjúpa

Veiðitímabil: Auglýst árlega


Erlendir veiðimenn mega eingöngu veiða á eignarlöndum



Mynd: Lára Guðmundsdóttir

Veiðar á rjúpu hafa verið takmarkaðar verulega eða úr 69 dögum (15. október til 22. desember) og niður í að vera 18 dagar líkt og var árið 2010 (29. október til 5. desember) og þá einungis leyft að veiða föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Veiðar á rjúpu sveiflast mikið og er talað um 10 ára sveiflu í stærð stofnsins.

Um 45% af rjúpu veiðist á Norðaustur- og Austurlandi



Líkt og sjá má á mynd hér að ofan þá fór að draga verulega úr veiðum þangað til að ákveðið var að banna veiðar 2004-2006. Banninu var aflétt og veiðar leyfðar aftur 2006 og hefur veiðin verið að aukast jafnt og þétt eftir það. Um 45% af rjúpnaveiðinni hefur komið af Norðaustur- og Austurlandi. Sölubann á rjúpu var tekið upp þegar veiðarnar voru heimilaðar aftur.



Mynd: Lára Guðmundsdóttir

Gæsir


Veiðitímabil: 20.08-15.03

Erlendir veiðimenn mega eingöngu veiða á eignarlöndum.

Grágæs

Grágæs er líkt og rjúpa vinsæl bráð á Íslandi. Mikil aukning hefur verið í grágæsaveiði síðustu árin og er hugsanlegt að sölubann á rjúpu hafi þar einhver áhrif. Mestur þungi veiðanna er á Suður- og Norðausturlandi. Árið 2008 var um 60% af grágæsinni veidd í þessum landshlutum.

*Veiðar á **grágæs** og **heiðagæs** eru heimilaðar frá 20. ágúst til 15. mars*



Veiðistofn grágæsar hefur verið metinn um 100 þúsund fuglar


Grágæsinn er láglendisfugl og verpir að mestu neðan 300 m hæðalínu og fara veiðarnar aðallega fram á túnnum og ökrum.

Veiðistofn grágæsarinnar hefur verið metinn í kring um 100 þúsund fugla og er veiðialagið því verulegt á þennan stofn. Síðustu ár hafa veiðimenn veitt um 50% af stofninum.

*Veiðistofn
heiðagæsar hefur
verið metinn um
350 þúsund fuglar*

Heiðagæs

Veidi á heiðagæs er að mestu stunduð á hálendi Íslands. Heiðagæsin verpir aðallega á votlendissvæðum á hálendinu. Hluti gæsanna hefur viðdvöl á láglandi á vorin en meirihlutinn fer beint upp á hálendið. Veiðistofn heiðagæsarinnar er metinn um 350 þúsund fuglar en meðalveiði síðustu ára er um 15 þúsund fuglar. Ásókn í heiðagæsina hefur verið að aukast síðustu ár og árið 2009 var veiðin um 20 þúsund fuglar þ.e. tæp 6% af stofninum.



*Nokkur veiði er á
helsingja*

Helsingi og blesgæs

Helsingja er leyfilegt að veiða á Íslandi en hann veiðist aðallega á Norðurlandi í upphafi tímabils en á Suðurlandi í lok tímabils. Helsinginn verpir á Grænlandi og dvelur því stutt á Íslandi á leið sinni þangað. Lítil varpstofn helsingja er í Austur- og Vestur Skaftafellssýslu og er hann því friðaður þar til 25. september. Árleg veiði á helsingja hefur verið um 1.400 fuglar að meðaltali frá árinu 1998.

*Blesgæs var friðuð
2006.*

Blesgæs var veidd hér á árum áður en vegna slæmrar stöðu stofnsins var hún friðuð árið 2006.

Hreindýr

Veiðitímabil: Tarfar 15.07-15.09 (2010)

Kýr 1.08-20.09 (2010)


Erlendir veiðimenn geta sótt um leyfi jafnt íslenskum veiðimönnum.



Mynd: Lára Guðmundsdóttir

Hreindýraveiðar er eina veiðitegundin á Íslandi sem háð er kvóta en hann hefur mest farið í rúmlega 1.300 dýr. Hreindýraveiðar hafa notið aukinna vinsælda síðustu ár. Eftir árið 2002 urðu umsóknir um veiðileyfi fleiri en þau dýr sem í boði voru. Aldrei höfðu fleiri sótt um hreindýraleyfi en árið 2010 þegar umsóknir voru um 3.800 en kvótinn 1.272 dýr.

B-skotvopnaleyfi þarf til að geta veitt hreindýr



Hreindýraveiðar eru bundnar við Austurland þar sem ekki er að finna dýr annars staðar á landinu. Veiðilendum hreindýra er skipt upp í níu svæði og er gefinn út sérstakur kvóti á hverju þeirra. Til að geta farið á hreindýraveiðar þarf viðkomandi að hafa B-skotvopnaleyfi ásamt því að hafa fengið úthlutað dýri í útdrætti Umhverfisstofnunar.

Veiðisvæði hreindýra eru níu



Mynd: Lára Guðmundsdóttir

Svartfugl


Veiðitímabil: 1.09-10.05

Erlendir veiðimenn mega eingöngu veiða innan netalaga

Veiðar á svartfugli hafa verið stundaðar allt frá landnámi. Hér við land eru 22 tegundir svartfugls og má veiða 19 þeirra. Mest er veitt af lunda. Hann hefur nokkra sérstöðu meðal svartfugla þar sem lundinn er einkum veiddur í háf. Veiðar á lunda hafa í árunna rás verið hvað mestar á Suðurlandi og hefur stór hluti veiðanna verið í Vestmannaeyjum.

Lundaveiðar eru að miklu leyti stundaðar með háf


Lundi



Veiði á lunda hefur dregist verulega saman og er nú tæp 27% af því sem hún var árið 1998.

Aðrar tegundir svartfugla þ.e álka, langvía, stuttnefja og teista hafa einnig verið veiddar mikið í árunna rás líkt og lundinn. Það á við um þessar tegundir eins og lundann að mikið hefur dregið úr veiðum á þeim síðustu ár.

Álka, langvía, stuttnefja og teista



Veiðar á álku, langvíu, stuttnefju og teistu eru meira stundaðar með skotvopni en lundinn og dreifast veiðarnar nokkuð jafnt á milli landshluta. Veiðar á þessum svartfuglategundum eru nú einungis tæp 41% af því sem var árið 1998.


Álka, langvía, stuttnefja og teista teljast til svartfugla



Mynd: Sævar Guðjónsson

Veiðikortið

*Hverjum þeim sem
hyggst stunda veiðar
ber að hafa gilt
veiðikort gefið út af
Umhverfisstofnun*



Frá því að veiðikortakerfið var stofnað árið 1995 hafa safnast saman mjög miklar upplýsingar frá veiðimönnum um veiðar og stöðugt bætist í þann grunn. Þessar tölur eru mjög mikilvægar fyrir fræðimenn og eru notaðar í rannsóknum, ekki bara innanlands heldur líka erlendis þar sem við deilum fuglastofnum með öðrum löndum. Til að byrja með var einungis krafa um að menn skiluðu inn upplýsingum um fjölda rjúpna yfir tímabilið en í framhaldinu þróaðist kerfið frekar þegar landinu var skipt upp í 6 svæði árið 1998. Veiðimenn gátu þá skráð í hvaða landshluta veiðin fór fram en frekari framför varð á kerfinu árið 2002 þegar mönnum var gefinn kostur á að skila inn sóknardögum.

*Skil á veiðiskýrslum
hafa verið yfir 90%
að meðaltali*

Árið 2008 voru gerðar talsverðar breytingar á lögum um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Það snerti m.a. skil á veiðiskýrslum. Alþingi samþykkti lög um hækkun veiðikortagjalds í 3.500 kr. og sett var inn ákvæði um skilafrest á veiðiskýrslum. Þeir sem skila inn skýrslu eftir 1. apríl greiða hærra gjald, 5.000 kr. fyrir veiðikortið. Veiðikortakerfið er þannig upp byggt að veiðimenn fá ekki að endurnýja veiðikortið nema skila veiðiskýrslu undan-gengins árs. Þetta hefur leitt til þess að skýrsluskil hafa almennt verið nokkuð góð eða yfir 90% að meðaltali.

Árlega endurnýja tíu til ellefu þúsund manns veiðikortið.

Það hefur reyndar verið svo að sumir veiðimenn hafa skilað veiðiskýrslum seint á árinu. Helsta ástæða þess er að þeir eru ekki vissir um að þeir ætli til veiða og bíða þá með að senda inn umsókn þar til líður að veiðiferð. Veiðiskýrslurnar geta því verið að skila sér inn um það bil hálfu ári eftir að veiðin fór fram. Þessum mönnum er rétt að benda á að hægt er að skila inn veiðiskýrslu og merkja í umsóknina að ekki sé óskað eftir endurnýjun á veiðikorti. Það er þá lítið mál að afgreiða kortið ef þeir ákveða síðar að fara til veiða.

Nauðsynlegt er að tilkynna Umhverfisstofnun um breytingar á netfangi veiðikortshafa



Mynd: Sævar Guðjónsson

Sjálfbærar skotveiðar

*Það er hagur
fyrirtækisins ef
hugsað er um
dýrastofnana á
ábyrgan og
sjálfbæran hátt*

Þegar rætt er um skotveiðar – ekki síst þegar skotveiðar eru settar í samhengi við ferðaþjónustu – er nauðsynlegt að hafa í huga að villtir dýrastofnar eru takmörkuð auðlind og það getur verið auðvelt að stofna þeim í hættu með ofveiði. **Hætta á ofnýtingu á takmörkuðum auðlindum** hefur ákveðin vandamál í för með sér fyrir ferðaþjónustufyrirtæki sem býður upp á skotveiðar og getur leitt til ofnotkunar og hnignunar á villtum dýrastofnum ef ekki er gripið um taumana áður en það er um seinan.

Ferðaþjónustufyrirtæki sem býður upp á skotveiðar án þess að hugsa um auðlindir sínar (dýrastofnana) á ábyrgan hátt og stefnir þeim í hættu með ofveiði mun hratt grafa undan tilvist sinni. Það hefur því þótt ástæða til að skoða skotveiðar og skotveiðitengda ferðaþjónustu í samhengi við **sjálfbærni**.

„Veidimenn vilja á góð svæði þar sem veiðunum er stýrt. Þar sem er ekki veitt á hverjum degi og svæðin eru hvíld inni á milli og menn vita að það er von á einhverju.“


(Íslenskur veiðimaður)

Hvað er átt við með sjálfbærni?

Sjálfbærni (sjálfbær þróun) þýðir að leitast er við **að mæta þörfum okkar án þess að stefna í hættu möguleikum komandi kynslóða á að mæta sínum þörfum**. Til að það sé mögulegt þarf þróun efnahagslífs, félagslegur jöfnuður og umhverfisvernd að fara saman ef tryggja á öllum íbúum jarðar og komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði.

Með sjálfbærni er ekki eingöngu horft til umhverfislegra þátta heldur er kjarni hennar samþætting félagslegra, vistfræðilegra og efnahagslegra þátta. Þessa þrjú þætti þarf að skoða í samhengi þannig að leitast sé við **að hámarka efnahagslega og félagslega velferð án þess að umhverfið verði fyrir skaða**.

Samspil félags-, umhverfis- og efnahagslegra þátta er kjarninn í sjálfbærni



Ávinningur af sjálfbærum skotveiðum

*Sjálfbærar
skotveiðar geta
m.a. stuðlað að
velvilja innan
samfélagsins og
náttúruvernd*

*Varast ber
ofnýtingu
dýrastofna,
ágang á
náttúruna og
félagslega
togstreitu*

Fyrirtæki í skotveiðitengdri ferðaþjónustu hafa mikinn hag af því að byggja starfsemina á sjálfbærni og skapa sér þannig **velvilja innan samfélagsins**. Sjálfbærar skotveiðar geta haft jákvæð áhrif á náttúruvernd og samfélagið þar sem veiðarnar eru stundaðar.

Ef rétt er staðið að getur skotveiðitengd ferðaþjónusta verið **hvatning fyrir samfélög í dreifbýli til að varðveita náttúru- og dýralíf á viðkomandi svæði**. Sé skipulagning skotveiðanna hins vegar ekki byggð á sjálfbærni er hættu á að neikvæðra áhrifa verði vart t.d. með ofnýtingu dýrastofna, mikils ágangs á náttúruna og samfélagið. Þetta getur skapað togstreitu milli heimamanna og veiðimanna (ferðamanna) og mögulega skapað ferðaþjónustufyrirtækinu óvild í heimabyggð.

Flestir veiðimenn eru náttúruunnendur sem láta sér annt um umhverfið og vilja umgangast náttúruna og bráðina af virðingu. Fyrirtæki í skotveiðitengdri ferðaþjónustu hafa því siðferðislegum skyldum að gegna til að stuðla að ábyrgum veiðiskap sem byggir á sjálfbærni.

Sjálfbær ferðapjónusta

mætir þörfum ferðamanna og heimamanna en stuðlar um leið að verndun og auknum markaðstækifærum til framtíðar.

Þetta felur í sér að auðlindum er stjórnað með þeim hætti að efnahagslegum, félagslegum og fagurfræðilegum þörfum er fullnægt, á sama tíma og viðhaldið er menningu, nauðsynlegum vistfræðilegum ferlum, líffræðilegri fjölbreytni og nauðsynlegum lífsskilyrðum.

(Alþjóðaferðamálaráðið (World Tourism Organisation))

Félagsleg sjálfbærni

Félagsleg sjálfbærni felst í því að tryggja félagslega velferð fyrir alla, hvort sem um er að ræða íbúa samfélagsins, veiðimenn eða aðra hagsmunaaðila

Félagsleg sjálfbærni* getur til dæmis falið í sér:

Ánægja ferðamanna

Að bjóða fram örugga og ánægjulega upplifun sem fullnægir væntingum ferðamanna þar sem allir hafa aðgengi án mismunar s.s. vegna kynferðis, þjóðlegs uppruna eða fötlunar.

Stjórnun í heimabyggð

Að virkja samfélög heimamanna og auka færni þeirra og valdheimildir varðandi skipulag og ákvarðanatöku um stjórnun og framtíðaruppbyggingu ferðaþjónustu á þeirra svæði í samráði við aðra hagsmunaaðila.

Samfélagsleg velferð

Að efla lífsgæði í samfélögum heimamanna þ.m.t. félagslega innviði og aðgang að auðlindum, þægindum og umhverfisgæðum en forðast félagslega spillingu og arðrán.

Varðveisla menningar

Að viðhalda og efla söguarf, upprunalega menningu, siði og sérstöðu gestgjafasamfélags.

Efnahagsleg sjálfbærni

Efnahagsleg sjálfbærni miðar að því að skapa verðmæti í fyrirtækjum og samfélagi ásamt efnahagsþróun og hagvexti sem er í jafnvægi við vistfræðilega og félagslega sjálfbærni

Efnahagsleg sjálfbærni* getur til dæmis falið í sér:

Að tryggja lífvænleika og samkeppnishæfni áfangastaða og fyrirtækja í ferðaþjónustu þannig að þau séu fær um að eflast enn frekar og skapa arð til langs tíma.

Hagrænn lífvænleiki

Að hámarka framlag ferðaþjónustu til efnahagslegrar velmegunar í samfélagi gestgjafanna þ.m.t. það hlutfall af útgjöldum ferðamanna sem haldið er eftir í heimabyggð.

Hagsæld í heimabyggð

Að auka fjölda jafnt sem gæði starfa í heimabyggð sem ferðaþjónusta skapar og stendur undir. Það á m.a. við um upphæð launa, starfsskilyrði og tækifæri fólks til atvinnu án mismunar af nokkrum toga s.s. vegna kynferðis, þjóðlegs uppruna eða fötlunar.

Gæði starfa

Að leitast við að ná fram víðtækri og sanngjarnri dreifingu þeirra hagrænu og félagslegu gæða sem ferðaþjónusta skapar innan samfélaga gestgjafanna þ.m.t. að bæta tækifæri, tekjur og þjónustu sem standa íbúum þar til boða.

Félagslegur jöfnuður

Umhverfisleg sjálfbærni

Umhverfisleg sjálfbærni felur í sér virka auðlindastjórnun sem er mikilvæg til að tryggja sjálfbæra nýtingu þegar til lengri tíma er litið. Ótakmarkaður aðgangur að takmörkuðum auðlindum hefur vandamál í för með sér og leiðir í mörgum tilvikum til ofnotkunar og hnignunar

Umhverfisleg sjálfbærni* getur til dæmis falið í sér:

Umhverfisgæði

Að viðhalda og auka gæði landslags, bæði í þéttbýli og dreifbýli, og forðast vistfræðilega og sjónræna spillingu umhverfisins.

Líffræðilegur fjölbreytileiki

Að styðja við verndun náttúrulegra svæða, búsvæða og villtra lífvera og lágmarka þann skaða sem þeim er valdið.

Skilvirk auðlindanýting

Að lágmarka notkun fágætra og óendurnýjanlegra auðlinda við þróun og starfsemi ferðaþjónustu.

Hreinleiki umhverfisins

Að lágmarka mengun loftslags, vatns og lands sem og úrgangsmyndun af hálfu fyrirtækja í ferðaþjónustu og ferðamanna.

Til umhugsunar!

- *Í sjálfbærri skotveiðitengdri ferðaþjónustu er lykilatriði að hún sé stunduð í sátt og samlyndi við samfélagið í heild.*
- *Hlusta á raddir ólíkra hagsmunahópa og nýta þær upplýsingar til þess að tryggja félagslega sjálfbærni*
- *Hafa virka auðlindastjórnun að leiðarljósi og afla upplýsinga um sveiflur í veiðistofnum og gera áætlanir*
- *Skapa verðmæti í fyrirtækjum sem og samfélagi í jafnvægi við vistfræðilega og félagslega sjálfbærni*



Mynd: Sævar Guðjónsson

Sjálfbærar skotveiðar, hvað þarf að hafa í huga?

Fyrirtæki þurfa að eiga gott samstarf við alla hagsmunaaðila bæði vegna skotveiðanna og ferðaþjónustunnar

Virðing fyrir siðum og menningu og góð samskipti veiðimanna og heimamanna eru lykilatriði

Sjálfbæra ferðaþjónustu eins og þjónustu við skotveiðimenn þarf að skipuleggja langt fram í tímann og hafa velferð umhverfis og íbúa viðkomandi svæðis að leiðarljósi. Til þess að tryggja sjálfbærni og ábyrga nýtingu villtra dýrastofna er mælst til þess að fyrirtæki, sem ætlar að starfa í skotveiðitengdri ferðaþjónustu eigi **gott samstarf við alla þá sem eiga hagsmuna að gæta vegna skotveiðimanna (ferðamanna) á viðkomandi svæði**. Þetta geta t.d. verið yfirvöld (í sveitarfélagi, ríki), önnur fyrirtæki í atvinnugreininni eða tengdum atvinnugreinum, landeigendur eða heimamenn sem veiða. Þetta er einnig nauðsynlegt svo að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir um framtíð og þróun fyrirtækisins og atvinnugreinarinnar í heild. Virkt samstarf við hagsmunaaðila er mikilvægt til að unnt sé að sporna við mögulegum vandamálum og tryggja sjálfbæra nýtingu villtra dýrastofna. Einnig er brýnt að hvetja veiðimenn (ferðamenn) til þess að **sýna siðum og menningu staðarins virðingu** og stuðla þannig að betri samskiptum milli þeirra og íbúanna.

Sjálfbær skotveiðitengd ferðaþjónusta byggir á að ekki séu of margir veiðimenn á tilteknu svæði. Huga þarf að getu viðkomandi svæðis til að taka á móti veiðimönnum án þess að umhverfi og dýralíf þess spillist – sem er mikilvægt atriði þegar hugsað er um skotveiðar og álag á dýrastofna og náttúruna.

Fyrirtæki sem hefur hug á því að starfa út frá sjónarmiðum sjálfbærni getur skoðað betur kaflann um góða starfshætti á bls. 46. Þar eru kynnt viðmið um góða starfshætti fyrirtækja í skotveiðitengdri ferðajónustu sem byggja á sjálfbærni.

Sjálfbær veiðistjórnun

Virk veiðistjórnun (auðlindastjórnun) er mikilvæg til þess að tryggja sjálfbærar veiðar þegar til lengri tíma er litið, því ótakmarkaður aðgangur að takmörkuðum nytjastofnum getur auðveldlega leitt til ofveiði og hnignunar þeirra.

- ***Sjálfbær veiðistjórnun gengur út á að nytjastofnar séu nýttir í sátt og samlyndi við þegna samfélagsins.***
- ***Halda nytjastofnum sem á að veiða úr í jafnvægi þannig að kynslóðir framtíðarinnar hafi jafna möguleika til nýtingar á þeim og samtíðar kynslóðir hafa.***
- ***Nytjastofnar verði nýttur á sem hagkvæmastan máta fyrir samfélagið.***

Nánari upplýsingar um sjálfbærar skotveiðar

Árið 2007 var gerði Evrópuráðið sáttmála um veiðar og líffræðilegan fjölbreytileika náttúrunnar þar sem fjallað er um sjálfbærar skotveiðar og sjálfbæra skotveiðitengda ferðajónustu í Evrópu. Sáttmálann er hægt að nálgast á slóðinni:

http://www.cic-wildlife.org/uploads/media/Hunting_Charter_EN.pdf

Meðferð og nýting villibráðar

*Nýta skyldi
bráðina þannig
að sem minnst
fari til spillis*

Sjálfbærar veiðar snúast ekki eingöngu um að nýta veiðistofna sem hagkvæmastan hátt heldur snýr það líka að nýtingu villibráðarinnar. Sjálfbærnihugtakið felur í sér að nýta bráðina þannig að sem minnst fari til spillis. Ef við tökum gæs sem dæmi þá er hægt að nýta meira en eingöngu bringurnar. Læri og vængir eru mjög góður matur og ættu aldrei að enda í ruslinu en einnig er hægt að nýta lifur, hjarta og fleira. Mikilvægt er t.d. að koma felldum hreindýrum sem fyrst í kæli. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hugvitsama aðferð til að bjarga verðmætum.

Allar hugleiðingar veiðimanna og ferðapjónustuaðila um sjálfbærni í þessa veru stuðla að því að veiðarnar verði sjálfbærari en þær hafa talist hingað til og bæta ímynd þeirra.



Mynd: Sævar Guðjónsson

Til að villibráðin njóti sín sem best er vert að hafa nokkur mikilvæg atriði í huga eftir að bráð hefur verið drepin. Þessi atriði snúa að meðferð og hér í framhaldinu eru nokkrir góðir punktar til að hafa í huga:

- **Reyna að lágmarka skaða sem skot veldur bráðinni** – Bráð sem fengið hefur skot í kvið verður fljótt skemmd þar sem magainnihald smitar kjötið.
- **Gæta vel að því að bráðin sem skotin er líti út fyrir að vera heilbrigð** – Dýr og fuglar geta verið smituð af sjúkdómum og ekki hæf til matar. Mikilvægt er að menn kynni sér hvernig heilbrigðir hlutar dýra og fugla líta út.
- **Gætið að krossmengun** – Gæta þarf þess að menga ekki kjöt þegar innyfli eru fjarlægð úr bráð. Í þörmum og maga dýra og fugla geta verið ýmsar bakteríur sem geta með tímanum orðið hættulegar ef þær komast í snertingu við ómengað kjöt.
- **Kæling bráðar er mjög mikilvæg** – Mikilvægt er að kæla bráðina sem fyrst bæði eftir að hún hefur verið skotin og líka þegar búið er að gera að henni. Þetta kemur í veg fyrir að bakteríur geti fjölgað sér eins hratt og ef bráðin er geymd í hita.


Friðlýst svæði



Mynd: Umhverfisstofnun

*Lista yfir friðlýst
svæði er að finna á
heimasíðu
Umhverfisstofnunar*

Á undanförnum áratugum hefur orðið mikil aukning á fjölda þeirra sem stunda alls konar útivist og ekki síst þeirra sem stunda veiðar. Bætt lífskjör og meiri frítími gerir fólki þetta kleift. Aðgengi að náttúrulegum svæðum og möguleiki til útivistar getur því haft mikla þýðingu fyrir heilsu almennings, líkamlega jafnt sem andlega. Það er ljóst að sjálfbær nýting dýrastofna er ein tegund náttúruverndar og flokkast oftast undir það sem er kallað hagræn náttúruvernd. Veiðar eru eðli málsins samkvæmt stundaðar úti og tengjast þannig almennarétti og umgengni um landið. Það er t.d. ekki óþekkt að innan sumra friðlýstra svæða séu veiðar leyfðar ýmist á einstökum dýrategundum t.d. ref, rjúpu eða gæs en annars staðar þar sem markmið sjálfrar friðlýsingarinnar er að vernda lífríki eru veiðar yfirleitt óheimilar.



Með friðun tryggjum við rétt okkar og komandi kynslóða til að njóta ósnortinnar náttúru. Ósnortin náttúra er takmörkuð auðlind sem á heimsvísu fer þverrandi.

Reglur um friðlýst svæði eru mismunandi og fara eftir markmiðum friðlýsingar, eðli svæðisins og samkomulagi við hagsmunaaðila. Íslendingar hafa friðlýst rösklega 98 svæði skv. lögum um náttúruvernd. Þessi svæði eru friðlýst sem þjóðgarðar, friðlönd, náttúruvætti, fólkvangar og tegundir og búsvæði.

*98 svæði eru
friðlýst skv.
lögum*

Upplýsingar um hvaða reglur gilda um veiðar innan friðlýstra svæða er hægt að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem mismunandi reglur geta verið á milli svæða.

Góðir starfshættir fyrirtækja

Það er mikilvægt fyrir skotveiðimenn og ferðahjónustu að ekki sé gengið of nærri veiðistofnum

Fagmennska skal ávallt í hávegum höfð

Veiðistofnar eru takmörkuð auðlind sem getur verið auðvelt að eyðileggja. Með auknu álagi á veiðistofna vegna skotveiði er aukin hætta á ofnýtingu á takmörkuðum auðlindum. Slíkt getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir fyrirtæki sem byggja afkomu sína á þjónustu við skotveiðimenn. Það eru því miklir hagsmunir í húfi fyrir fyrirtæki og skotveiðimenn að veiðistofnar haldist í jafnvægi. Það er mikilvægt fyrir alla sem koma að skotveiðum að veiðarnar séu stundaðar af fagmennsku, séu ábyrgar og byggja á sjálfbærni þannig að ekki sé gengið of nærri dýrastofnum og náttúrunni. Það er því lykilatriði fyrir fyrirtæki að festa góða starfshætti í sessi strax í upphafi.

Viðmið fyrir góða starfshætti

Skynsamleg auðlindanýting í sátt við samfélagið

Í samvinnu við hagsmunaaðila og frumkvöðla í starfsgreininni á norðurslóðum Evrópu hafa verið þróuð sameiginleg markmið um sjálfbæra skotveiðitengda ferðahjónustu. Þessi viðmið nýtast frumkvöðlum til að þróa sína starfsemi í átt að sjálfbærni og um leið verða til viðskiptatækifæri í dreifbýli sem byggja á skynsamlegri nýtingu auðlinda í sátt við samfélagið.

Viðmiðin byggja á skilgreiningu á sjálfbærum skotveiðum sbr. kaflann um sjálfbærar skotveiðar á bls. 32.



Viðmið fyrir góða starfshætti í skotveiðitengdri ferðaþjónustu

1. **Skipuleggjandi/leiðsögumaður (ábyrgðaraðili) í skotveiðitengdri ferðaþjónustu hefur reynslu innan starfsgreinarinnar sem og reynslu af/þekkingu á grunnatriðum ferðaþjónustunnar**
2. **Skipuleggjandi/leiðsögumaður þarf að hafa skráðan fyrirtækja-rekstur**
3. **Eingöngu eru veiddar þær dýrategundir sem eru leyfðar og virt eru veiðitímabil og takmarkanir til veiða í samræmi við gildandi lög og reglur í viðkomandi landi**
4. **Skipuleggjandi/leiðsögumaður í skotveiðitengdri ferðaþjónustu fer eingöngu með veiðimenn á svæði sem hann þekkir vel og hefur leyfi til að stunda veiðar á**
5. **Skipuleggjandi/leiðsögumaður í skotveiðitengdri ferðaþjónustu skal útbúa áætlun um skipulag veiða á þeim veiðisvæðum sem hann hefur umsjón með og nýtir. Þessa áætlun skal endurskoða á hverju ári. Í áætluninni eru eftirfarandi atriði:**
 - **Samkomulag og nauðsynlegir samningar við landeigendur, heimamenn, veiðifélög o.þ.h.**
 - **Kort af veiðisvæðum**
 - **Mat á stofnstærðum**
 - **Aflatakmarkanir fyrir hverja dýrategund**
 - **Veiðiaðferðir**
 - **Fjöldi veiðimanna**
 - **Fjöldi veiðidaga**
 - **Fjöldi dýra sem vart verður við í hverri ferð með veiðimanni**

6. *Skipuleggjandi/leiðsögumaður heldur utan um tölur og aðrar upplýsingar um alla veiði sem fer fram á hans vegum á ársgrundvelli s.s.:*

- *Skýrslu um samkomulag og nauðsynlega samninga við landeigendur, heimamenn, veiðifélög o.þ.h.*
- *Veiðitölur*
- *Aldursdreifingu og kyn villibráðar*
- *Veiðiaðferðir*
- *Fjöldi veiðidaga með viðskiptavinum*

7. *Öryggisatriði*

- *Skipuleggjandi/leiðsögumaður skal hafa setið námskeið í skyndihjálpi og viðheldur þeirri þekkingu*
- *Öryggisáætlun þarf að vera til staðar í veiðum efslys ber að höndum*

8. *Markaðssetning og sala*

- *Markaðssetning er ávallt áreiðanleg og engu er lofað sem ekki er hægt að standa við*
- *Verðlagning ætti að endurspeglar innihald þjónustunnar*
- *Æskilegt er að undirstrika í markaðssetningu veiðihefðir þess svæðis þar sem veiðin er stunduð*

Siðareglur um skotveiði

*Í siðareglum
Skotvís er lögð
áhersla á góða
umgengni og
hófsemi í veiðum*

www.skotvis.is

Víða um heim hafa félagasamtök og hagsmunaaðilar sett sér siðareglur um skotveiðar. Hér á Íslandi má til að mynda finna Siðarlegur Skotveiðifélags Íslands (Skotvís) þar sem kveðið er á um ábyrgð veiðimanna og skyldur þeirra til góðrar umgengni við náttúruna. **Þar er lögð áhersla á að skotveiðimaður stundi veiði á villibráð sér til ánægju og heilsubótar.** Hann virðir landslög og vegna byssunnar ber hann sérstaka ábyrgð gagnvart samborgurum sínum og lífríki landsins í heild. Siðareglur Skotvís má finna á heimasíðu félagsins.

*Í siðareglum FLH
er lögð áhersla á
ábyrgð leiðsögu-
mannsins*

www.hreindyr.is

Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH) hefur einnig sett saman siðareglur leiðsögumanna með hreindýraveiðum, sem finna má á heimasíðu Umhverfisstofnunar um hreindýraveiðar www.hreindyr.is. **Í siðareglum FLH er kveðið á um ábyrgð leiðsögumannsins í veiðileiðangri og velferð viðskiptavinarins auk háttvísi leiðsögumannsins í hvívetna.** Ráðlegt er fyrir fyrirtæki í skotveiðitengdri ferðaþjónustu að skoða siðareglur þessara félagasamtaka og hafa þær að leiðarljósi.

Reglur um meðferð og vörslu skotvopna

Mikilvægt er að ferðaðþjónustuaðili kynni sér **Vopnalög nr. 16/1998** og þá einnig reglugerð um skotvopn, skotfæri og o.fl. **nr. 787/1998**.

Eigendur eða umráðahafar skotvopna og skotfæra ábyrgjast vörslu þeirra og ber að sjá svo um að óviðkomandi nái ekki til þeirra. Húsnæði sem geymir skotvopn skal ávallt vera læst ef enginn er í því. Þegar skotvopn og skotfæri eru ekki í notkun skulu þau geymd í læstum aðskildum hirslum. Ef einstaklingur á fleiri en þrjú skotvopn er skylt að geyma þau í sérútbúnum vopnaskáp sem samþykktur er af lögreglustjóra. Ferðaðþjónustuaðilar þurfa að tryggja að skotvopn séu geymd í slíkum vopnaskáp enda má gera ráð fyrir að fleiri en einn aðili sé í hýsingu hjá þeim vegna veiða.

Mikilvægt er að ferðaðþjónustuaðilar gangi úr skugga um að þeir sem hyggjast stunda veiðar á þeirra vegum framvísi gildu skotvopnaleyfi og veiðikorti. Leyfishafa ber ávalltað hafa skotvopnaleyfi meðferðis og sýna þegar lögregla krefst. Sýni maður ekki leyfi getur lögregla tekið vopnið í sína vörslu til bráðabirgða, þar til viðkomandi leggur fram skilríki um leyfi fyrir vopninu. Ef vopnið er að leigu eða láni skal leggja fram skriflega heimild frá eiganda vopns því til sönnunar.

Starfsleyfi í skotveiðitengdri ferðaþjónustu

Fyrirtæki sem bjóða upp á pakkaferðir með eða án gistingar, þar sem veiði er innifalín, verða að hafa tilskilin leyfi

Mikilvægt er að ferðaþjónustufyrirtæki kynni sér vel tilskilin leyfi. Oft á tíðum hefur verið óljóst hvers konar leyfi fyrirtæki sem bjóða upp á skotveiðitengda ferðaþjónustu þurfa að hafa.

Útgáfa leyfa, skráning á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt eru samkvæmt lögum um skipan ferðamála eitt af hlutverkum Ferðamálastofu.

Það skiptir máli hvort boðið er upp á stuttar eða langar ferðir hvaða leyfi eru nauðsynleg í skotveiðitengdri ferðaþjónustu:

- Í dagsferðum ber þeim aðila, sem skipuleggur ferðina, að hafa **ferðaskipuleggjendaleyfi** sem er gefið út hjá Ferðamálastofu.
- Í lengri ferðum (meira en 24 klst.) ber viðkomandi skipuleggjanda að hafa **ferðaskrifstofuleyfi** útgefið hjá Ferðamálastofu.

Gerður er greinarmunur á fyrirtækjum sem bjóða skemmri ferðir í allt að einn dag og þeim sem bjóða lengri ferðir

Frá og með 1. janúar 2006 þarf hver sá sem hyggst starfa sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa að hafa til þess leyfi. Samkvæmt lögum um skipan ferðamála er leyfisskyld starfsemi öll starfsemi og þjónusta ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu, sem fellur undir skilgreiningu laganna, hvort sem hún er innt af hendi einstaklings, fyrirtækis eða félags. **Ferðamálastofa veitir leyfin og á heimasíðu hennar (www.ferdamalastofa.is) er að finna allar helstu upplýsingar um slík leyfi.**

Ferðaskipuleggjendaleyfi - styttri ferðir

Fyrirtæki í skotveiðitengdri ferðaþjónustu, eða öðrum rekstri sem fellur undir skilgreiningu laga sem ferðaskipuleggjendur, verða að sækja um ferðaskipuleggjendaleyfi til Ferðamálastofu að minnsta kosti tveimur mánuðum áður en starfsemi skal hefjast. Leyfið þarf að vera sýnilegt viðskiptavinum í starfsstöð fyrirtækisins.

Til þess að fá leyfi sem ferðaskipuleggjandi þarf umsækjandi eða forsvarsmáður umsækjanda að uppfylla ákveðin skilyrði:

- Að hafa búsetu innan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.
- Að hafa náð 20 ára aldri.
- Að vera lögráða og hafa ekki á síðustu fjórum árum í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknáð samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld né lögum um skipan ferðamála.
- Að hafa forræði á búi sínu.
- Að hafa ekki verið sviptur ferðaskipuleggjenda- eða ferðaskrifstofuleyfi á síðustu þremur árum frá umsókn.
- Að leggja fram staðfestingu um ábyrgðartryggingu frá váttryggingafélagi

Umsóknareyðublað fyrir ferðaskipuleggjendaleyfi er að finna á heimasíðu Ferðamálastofu. Þar er einnig að finna gjaldskrá Ferðamálastofu fyrir útgáfu starfsleyfa og skráningu á starfsemi. Gjaldskráin er sett samkvæmt 27. gr. laga um skipan ferðamála nr. 73/2005 og var gefin út af samgönguráðherra 30. desember 2005. Samkvæmt gildandi gjaldskrá er gjald vegna leyfis ferðaskipuleggjanda 10.000 krónur (apríl 2011).

Ferðaskipuleggjandi er einstaklingur eða lögaðili sem annað hvort að eigin frumkvæði eða eftir beiðni viðskiptavinar setur saman, býður fram og selur í atvinnuskyni ferðatengda þjónustu

Ferðaskrifstofuleyfi - lengri ferðir

Ferðaskrifstofa er einstaklingur eða lögaðili sem setur saman, býður fram og selur alferðir í atvinnuskyni, annað hvort að eigin frumkvæði eða eftir beiðni viðskiptavinar innanlands eða erlendis

Það er um margt líkt með leyfi fyrir ferðaskrifstofu og ferðaskipuleggjanda. **Ferðaskrifstofuleyfi þarf þegar ferð er lengri en sólarhringur.** Skilyrðin, sem þarf að uppfylla, eru svipuð.

Við þetta er að bæta að **starfsemi ferðaskrifstofa er tryggingaskyld.** Samkvæmt lögum er fyrirtækjum með ferðaskrifstofuleyfi skylt að vera með tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár sem viðskiptavinur hefur greitt vegna alferðar sem enn er ófarin og til að tryggja að viðskiptavinur komist aftur heim úr ferð sem þegar er hafin, ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar kemur hjá ferðaskrifstofunni. Tryggingin skal einnig ná til þess að gera viðskiptavini kleift að ljúka alferð í samræmi við upphaflega áætlun hennar. Þeir sem hafa greitt alferð að hluta eða öllu leyti, en ekki hafið ferð, skulu fá endurgreitt það fé sem þeir hafa þegar greitt. Form tryggingarinnar getur verið mismunandi og getur hún t.a.m. verið fé sem er lagt inn í viðurkenndan banka eða sparisjóð í nafni Ferðamálastofu, ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs eða váttrygging hjá váttryggingafélagi eða önnur trygging sem Ferðamálastofa telur sambærilega.

Alferð er a.m.k. 24 klukkutíma löng og felur í sér fleiri en eina tegund þjónustu

Þessi trygging fyrir alferðir vegna leyfis ferðaskrifstofu ákvarðast út frá einum af eftirtöldum liðum sem gefur hæsta tryggingu:

- 60% af veltu tveggja söluhæstu mánaðanna í röð
- 35% af veltu fjögurra söluhæstu mánaðanna í röð
- 15% af heildarveltu á ári

Lágmarksupphæð þessarar tryggingarinnar er ein milljón króna.

Nauðsynlegt er fyrir umsækjanda að leggja fram staðfestingu á tryggingu áður en Ferðamálastofa getur veitt starfsleyfi til rekstrar (sjá nánar um tryggingar á bls. 63)

Umsóknareyðublað fyrir ferðaskrifstofuleyfi er að finna á heimasíðu Ferðamálastofu. Þar er m.a. einnig að finna reglur um bókhald og reikningsskil ferðaskrifstofa og sýnishorn bókhaldsgagna sem þurfa að fylgja með umsókn um ferðaskrifstofuleyfi.

Þar er einnig að finna gjaldskrá Ferðamálastofu fyrir útgáfu starfsleyfa og skráningu á starfsemi. Gjaldskráin er sett samkvæmt 27. gr. laga um skipan ferðamála nr. 73/2005 og var gefin út af samgönguráðherra 30. desember 2005. Samkvæmt gildandi gjaldskrá (apríl 2011) er gjald vegna leyfis ferðaskrifstofu 15.000 krónur.



Mynd: Sævar Guðjónsson

Hvar fást vottorðin?

Þau vottorð, sem þarf að skila með umsóknum um ferðaskrifstofu og/eða ferðaskipuleggjendaleyfi, eru:

Gögn	Afgreiðslustaðir
Búsetuvottorð	Þjóðskrá
Sakavottorð	Lögreglustjóri þar sem viðkomandi býr
Vottorð úr fyrirtækjaskrá (hf. og ehf.)	Ríkisskattstjóri
Vottorð úr firmaskrá (sameignarfélag, samlagsfélag og einkafirma)	Sýslumaður í viðkomandi umdæmi
Vottorð um búforræði forsvaramanns	Héraðsdómur þar sem viðkomandi býr
Staðfesting um ábyrgðartryggingu hjá váttryggingarfélagi	Viðkomandi váttryggingarfélag



Mynd: Sævar Guðjónsson



Mynd: Emil Björnsson

Öryggi og útbúnaður

Mikil ábyrgð fylgir því að meðhöndla skotvopn og stunda skotveiðar. Jafnframt fylgir því mikil ábyrgð að bjóða upp á hvers konar ferðaþjónustu við skotveiðar. Það er afar mikilvægt að temja sér öryggisreglur við meðferð skotvopna og við veiðarnar. Gáleysi við meðferð skotvopna gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Þar að auki er nauðsynlegt að ganga úr skugga um að veiðimenn séu vel búnir til veiðanna. Veiðar eru oft stundaðar fjarri mannabyggðum og á Íslandi geta menn átt von á snöggum veðrabrigðum. Alltaf getur verið hætt á að menn villist eða lendi í sjálfheldu og við veiðar af bátum á sjó eða vatni er sú hætt fyrir hendi að menn falli útbyrðis. Það er því afar mikilvægt að réttur búnaður sé tiltækur.

Áður en haldið er í veiðiferð er ráðlagt að:

- Gera ferðaáætlun og láta vita af henni.
- Kanna veðurspá. Sé spáin slæm er betur heima setið.
- Huga vel að viðeigandi klæðnaði.
- Huga vel að viðeigandi útbúnaði og nesti.

Þörfin fyrir útbúnað ræðst af aðstæðum, veiðiaðferðum, veðri og vindum. Þó er ágætt að hafa sem reglu að halda ekki til veiða nema að hafa gengið úr skugga um að allur útbúnaður sé til staðar og sé í lagi. Afar mikilvægt er að klæðnaður og skóbúnaður sé í samræmi við veður og aðstæður. Annar búnaður er mikilvægur (listinn er ekki tæmandi) svo sem:

Sjónauki: Góður sjónauki getur komið að notum til að finna bráð, bera kennsl á dýr og ganga úr skugga um að ekki leynist fólk eða fé í baksviði bráðarinnar.

Áttaviti og staðsetningartæki: Það getur verið öryggisatriði að taka staðsetningarpunkt á bílnum eða þeim stað sem ætlunin er að fara til baka á að lokinni veiði. Áttaviti er nauðsynlegur þó GPS-tæki sé með í för þar sem rafhlöður endast misvel og tæki geta brugðist ef kalt er í veðri. Það er

þó til lítills að hafa GPS-tæki, landakort eða áttavita með í för ef kunnáttuna skortir til að nota þessi öryggistæki.

Talstöð og/eða farsími: Veiðimenn í hóp geta haft samskipti sín á milli og látið vita hver af öðrum. Einnig er hægt að kalla á hjálp ef hættu ber að höndum.

Flauta: Til þess að auðvelda öðrum leit ef til þess kemur. Flauta dregur mun lengra en mannsröddin og minni orka fer í að blása í flautu en að öskra.

Veiðihnífur: Góður hnífur getur komið sér vel t.d. til þess að gera að bráð.

Bakpoki: Til að geyma allan þann útbúnað sem þörf er fyrir í veiðiferðinni.

Fyrstu hjálpargögn: Ef slys ber að höndum.

Dæmi um útbúnað

Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum hefur gefið út lista yfir æskilegan útbúnað á hreindýraveiðum.

Fatnaður:

Sokkar til skiptanna.
Nærföt, gjarnan úr ullarefnum.
Gönguskór, stígvél.
Flíspeysa eða ullarpeysa.
Vettlingar, húfa.
Hlífðarföt við aðgerð að bráð.
Skjólftöt/felulitaklæðnaður.
Aukafatnaður.

Útbúnaður:

GPS-tæki.
Landakort.
Áttaviti.
Klukka.
Eldspýtur/kveikjari.

Hnífur.
Snæri/bönd.
Skyndihjálparpakki.
Neyðarblys.
Farsími.
Ljós/blikkljós í bíl/vinnuljós.

Búnaður til að ganga frá bráð:

Plast.
Hnífar.
Grisjur.
Bönd.
Skófla.

*Fjölbreyttan
útbúnað þarf til
hreindýraveiða*

Ábyrgð ferðaþjónustuaðila um öryggismál

Sá sem býður upp á ferðaþjónustu við skotveiðimenn **ætti að stuðla að því að fyllsta öryggis sé gætt í hvívetna**. Það getur verið ráðlagt að setja saman leiðbeiningar til að fara eftir ef hættu eða slys ber að höndum. Með slíkum leiðbeiningum er m.a. hægt að fara yfir hvaða hættur eru til staðar í tengslum við þá ferðaþjónustu við skotveiðimenn sem er í boði hjá viðkomandi fyrirtæki, útskýra hlutverk hvers og eins og til hvers er ætlast af hverjum og einum hvað varðar öryggi og ábyrgð í kringum veiðarnar. Eftirfarandi eru leiðbeiningar um öryggi sem hafa má til hliðsjónar. Byggt er á öryggisleiðbeiningum sem eru notaðar af fyrirtækjum í skotveiðitengdri ferðaþjónustu í Finnlandi. :

*Hér er stuðst við
finnskar
leiðbeiningar um
öryggismál*

Skýrt skal kveðið á um hvaða aðili er ábyrgur fyrir veiðunum, hver er ábyrgur í fjarveru hans (nöfn, heimilisföng og símanúmer). Sá aðili er ábyrgur fyrir:

- Almennri umsjón með öryggi, skipulagningu og leiðbeiningum þar um.
- Þjálfun starfsfólks.
- Að ganga úr skugga um að öryggisútbúnaður s.s. slökkvitæki og fyrstu hjálpargögn sé í lagi.
- Að tilkynna ef slys ber að höndum og ef hættulegar aðstæður koma upp.
- Að gera áhættugreiningu og gera viðeigandi ráðstafanir til að fyrirbyggja slys.
- Að geta veitt fyrstu hjálp og kallað eftir aðstoð.

Viðskiptavinir og hópar. Skýrt skal kveðið á um:

- Hver er hámarkfjöldi fólks (þátttakenda/veiðimanna) í einni veiðiferð.
- Fjölda leiðsögumanna, hversu marga viðskiptavini hver leiðsögumaður má fara með í eina veiðiferð og hvernig leiðsögnin er skipulögð.
- Að veiðimenn verða að vera í góðu líkamlegu og andlegu ásíðkomulagi.

- Að veiðimenn séu klæddir í samræmi við árstíma og veður.
- Að veiðimenn noti eigin skotvopn og skothylki.
- Að leiðsögumaður sjái til þess að veiðimenn hans kynni sér öryggisbúnað og öryggisreglur í kringum notkun skotvopna, færi o.þ.h. Einnig ætti leiðsögumaður að sjá til þess að veiðimaður þekki hvernig eigi að bregðast við í mismunandi aðstæðum t.d. hvað skuli gera ef veiðibrað særist, ef slys ber að höndum o.s.frv.
- Að veiðar undir áhrifum áfengis séu stranglega bannaðar.

Byggingar og mannvirki. Ábyrgðaraðili:

- Er ábyrgur fyrir ástandi, viðhaldi og eftirliti með byggingum og öðrum mannvirkjum í eigu og umsjá fyrirtækisins þ.m.t. aðstöðu á veiðisvæði ef hún er staðar.
- Gengur úr skugga um að fyllsta öryggis sé gætt í gístaðstöðu (ef hún er til staðar) og nauðsynlegur öryggisbúnaður sé til staðar og sé í lagi.

Öryggisbúnaður. Ábyrgðaraðili gengur úr skugga um að:

- Fyrstu hjálpargögn og eldteppi séu aðgengileg.
- Reykskynjarar, eldteppi og neyðarútgangar séu í gístaðstöðu (ef hún er til staðar).
- Fyrstu hjálpargögn séu ávallt yfirfarin fyrir veiðiferð og að öryggisbúnaður sé í fullu samræmi við þá þjónustu og aðstöðu sem er veitt.

Annar búnaður og aðstaða: Ábyrgðaraðili gengur úr skugga um að:

- Sá búnaður, sem hann útvegar s.s. öryggisvesti (eða björgunarvesti), skotvopn og skothylki sé í lagi.
- Geymsluaðstaða fyrir búnað fyrirtækisins sé í lagi. Listi er gerður yfir útbúnað og birgðir.
- Búnaður sem er lánaður til veiðimanna sé skoðaður fyrir og eftir notkun.

Áhættumat og skipulag öryggismála:

- Hægt er að setja saman öryggisáætlun og fara eftir henni.

Aðgerðaráætlun ef slys eða neyð ber að höndum:

- Hægt er að setja saman öryggisáætlun og fara eftir henni.

Leiðbeiningar ef eldur kemur upp. Gestir/veiðimenn eru upplýstir um hvað skuli gera:

- Þegar fengist er með logandi kerti og annan ljósbúnað.
- Ef hætta stafar af notkun olíu og rokgjarnra efna.
- Ef upp kemur eldur.
- Ef lykt finnst af gasi.
- Ef hætta er á koltvísýringseitrun.
- Þegar fengist er með lifandi eld utandyra.
- Ef hætta kemur upp við varðeld utandyra.

Skráning slysa og rannsókn á orsökum slysa

- Slys og hættulegar aðstæður sem koma upp eru skráð. Yfirvöld rannsaka orsakir alvarlegra slysa.
- Ábyrgðaraðili greinir öll slys og hættulegar aðstæður sem koma upp t.d. hvað varð (næstum því) til þess að slys kom upp?
- Ábyrgðaraðili gerir viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að sambærilegar aðstæður/slys geti komið fyrir aftur.
- Ábyrgðaraðila ber að tilkynna atvik sem koma upp til viðeigandi aðila.

Tryggingar

Skotveiðitengd ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein og því er áriðandi að huga að gæðum ferðaþjónustu og öryggi ferðamanna. Í því sambandi er nauðsynlegt að **gera auknar kröfur til þjónustuveitenda**. Ef gæði skotveiðitengdri ferðaþjónustu eru ekki nægilega mikil og skortur er á öryggi ferðamanna (skotveiðimanna og annarra) er hættu á að slík ferðaþjónusta standist ekki samanburð við stöðu mála í öðrum löndum.

Mörg tryggingafélög eru starfandi hér á landi og geta skilmálar verið nokkuð mismunandi milli félaga. Það getur líka verið misjafnt hvaða tryggingar væri æskilegt að kaupa eftir því hvaða þjónustu viðkomandi fyrirtæki vill bjóða veiðimönnum. **Ráðlegast er að hafa samband við tryggingafélög og bera saman verðtilboð og framboð trygginga sem henta hverjum og einum.**

Gæta þarf vel að öryggi veiðimanna og starfsmanna



Mynd: Sævar Guðjónsson

Tryggingaskylda vegna alferða, ferðaskrifstofur

Samkvæmt lögum um skipan ferðamála er fyrirtækjum með ferðaskrifstofuleyfi **skyld að vera með tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár** sem viðskiptavinur hefur greitt vegna alferðar sem enn er ófarin og til að tryggja að viðskiptavinur komist aftur heim úr ferð sem þegar er hafin, ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar kemur hjá ferðaskrifstofunni. Áður en Ferðamálastofa getur veitt fyrirtæki starfsleyfi til reksturs þarf að liggja fyrir staðfesting á tryggingu. Tryggingin getur verið þrenns konar:

1. Fé sem er lagt inn í viðurkenndan banka eða sparisjóð í nafni Ferðamálastofu.
2. Ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs eða váttrygging hjá váttryggingafélagi. Þessir aðilar þurfa jafnframt að leggja fram yfirlýsingu um að gildissvið og upphæð tryggingarinnar sé í samræmi við lög um skipan ferðamála.
3. Önnur trygging sem Ferðamálastofa metur sambærilega. Þá þarf jafnframt að leggja fram yfirlýsingu um að gildissvið og upphæð tryggingarinnar sé í samræmi við lög um skipan ferðamála.



Mynd: Emil Björnsson

Ábyrgðartrygging

Árið 2010 voru sett inn ákvæði í lög um skipan ferðamála um að þegar sótt er um leyfi til reksturs ferðaskipuleggjanda og ferðaskrifstofu verður að sýna fram á að ábyrgðartrygging frá váttryggingafélagi sé til staðar. Með þessu eiga ferðamenn að geta treyst því að tryggingamál ferðabjónustuaðila séu í lagi. Í greinargerðinni með lögunum er þó ekki sagt til um hvers konar ábyrgðartryggingu þurfi að hafa og því ætti að leita til tryggingafélaganna eftir nýjustu upplýsingum.

Ábyrgðartrygging er naudsynleg

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögnum hætti. Fyrirtæki í skotveiðitengdri ferðabjónustu geta ábyrgðartryggt reksturinn vegna þeirrar skaðabótaábyrgðar sem kann að falla á þá vegna mistaka við framkvæmd þess starfs eða þjónustu sem er váttryggð. Ábyrgðarkröfur geta auðveldlega orðið mjög háar og haft alvarleg áhrif á rekstur fyrirtækisins ef ábyrgðartrygging er ekki fyrir hendi.

Ábyrgðarkröfur geta orðið mjög háar

Ábyrgðartryggingin greiðir skaðabætur fyrir þann váttryggða ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum og hann telst ábyrgur fyrir tjóni. Tryggingafélög reikna iðgjöld tryggingarinnar út frá eðli fyrirtækisins og þjónustunnar sem fyrirtækið býður upp á og því er mikilvægt að kynna sér það vel. T.d. getur iðgjald ábyrgðartryggingar fyrir fyrirtæki í skotveiðitengdri ferðabjónustu (með ferðaskrifstofuleyfi) með leiðsögumenn reiknast eftir fjölda leiðsögumanna og launum þeirra og iðgjald ferðabjónustufyrirtækis, sem býður upp á gistingu, getur reiknast eftir fjölda viðskiptavina.

Iðgjöld trygginga reiknast út frá eðli fyrirtækisins og þjónustunnar

Það getur verið munur eftir tryggingafélögum á innihaldi ábyrgðartryggingarinnar s.s. hvers konar tjón tryggingin nær yfir og því mikilvægt að kynna sér það vel. Það er einnig rétt að vera meðvitaður um takmarkanir og gildissvið tryggingarinnar, þ.e. hvenær trygging nær yfir kröfu vegna tjóns og hvenær ekki.

Slysatrygging launþega

Mælt er með því að fyrirtæki í skotveiðitengdri ferðaþjónustu tryggi sína starfsmenn gagnvart slysum við störf. Íðulega fara bótafjárhæðir eftir kjarasamningum en iðgjald reiknast út frá fjölda stöðugilda í fyrirtækinu. Mörg tryggingafélög bjóða einnig upp á sjúkra- og slysatryggingu sem greiðir bætur vegna sjúkdóms eða slyss sem sá sem er váttryggður verður fyrir.

Eignatrygging lausafjár

Lausafjártrygging bætir tjón á lausafjarmunum af völdum bruna. Þar að auki bjóða tryggingafélög upp á tryggingar vegna tjóns af völdum vatns, foks og óveðurs auk trygginga vegna þjófnaðar og skemmda vegna innbrota.

„Það að veiða er ekki bara það að taka í gikkinn heldur að vera úti í náttúrunni og upplifa fallegt umhverfi og njóta þess að vera úti. Ef þú skýtur þá er það bara heppni. Það er alltaf gaman að taka bráð, ég segi það ekki.“

(Íslenskur veiðimaður)



Gagnlegar heimasíður

Atvinnuþróun

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar: www.afe.is
Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: www.sudur.is
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða: www.atvest.is
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga: www.atthing.is
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum: www.sss.is
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra: www.ssnv.is
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi: www.ssv.is
Þróunarfélag Austurlands: www.austur.is

Ferðamál

Ferðamálasamtök Íslands: www.ferdamalasamtok.is/
Ferðamálastofa: www.ferdamalastofa.is
Ferðaþjónusta bænda: www.sveit.is
Iðnaðarráðuneytið: www.idnarraduneyti.is
Íslandsstofa: www.islandsstofa.is
Rannsóknamiðstöð ferðamála: www.rmfi.is
Samtök ferðaþjónustunnar: www.saf.is

Landeigendur og landbúnaður

Búgarður - Ráðgjafþjónusta Norðausturlandi: www.bugardur.is
Búnaðarsamband Austurlands: www.bondi.is/Pages/265
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda: www.rhs.is
Búnaðarsamband Skagfirðinga: www.bondi.is/Pages/261
Búnaðarsamband Suðurlands: www.bssl.is
Búnaðarsamtök Vesturlands: www.buvest.is
Bændasamtök Íslands: www.bondi.is
Landssamtök landeigenda á Íslandi: www.landeigendur.is

Lög og reglugerðir

Lagasafn: www.lagasafn.is

Óbyggðanefnd: www.obyggdanefnd.is

Reglugerðasafn: www.reglugerd.is

Markaðsstofur landshlutanna

Höfuðborgarstofa: www.visitreykjavik.is

Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi: www.nordurland.is

Markaðsstofa Austurlands: www.east.is

Markaðsstofa Suðurlands: www.south.is og www.markadsstofa.is

Markaðsstofa Suðurnesja: www.reykjanes.is

Markaðsstofa Vestfjarða: www.westfjords.is

Markaðsstofa Vesturlands: www.vesturland.is

Menntun og fræðsla:

Farskólinn miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra: www.farskolinn.is

Framhaldsskólarnir: www.menntagatt.is

Fræðslumiðstöð Vestfjarða: www.frmst.is

Fræðslunet Suðurlands: www.fraedslunet.is

Háskóli Íslands: www.hi.is

Háskólinn á Akureyri: www.unak.is

Háskólinn á Bifröst: www.bifrost.is

Háskólinn á Hólum: www.holar.is

Háskólinn í Reykjavík: www.hr.is

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri: www.hvanneyri.is

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum: www.mss.is

Mímir símenntun: www.mimir.is

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi: www.simenntun.is

Símey Símenntunarstöð Eyjafjarðar: www.simey.is

Pekkingarnet Austurlands: www.fna.is

Pekkingarnet Þingeyinga: www.hac.is

Pekkingarsetur Vestmannaeyja: www.setur.is

Nýsköpun og byggðaðþróun

Byggðastofnun: www.byggdastofnun.is

Impra á Nýsköpunarmiðstöð: www.nmi.is/impra

RHA - Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri:
www.rha.is

Skotveiði

Hreindyr.is www.hreindyr.is/

Iðnaðarráðuneytið: www.skotvis.is

Rjúpa.is: www.rjupa.is

Skotveiðifélag Íslands: www.sveit.is

Veiðistjórnunarsvið Umhverfisstofnunar:
www.ust.is/veidistjornun

Umhverfismál og náttúruvernd

Félag fuglaáhugamanna á Hornafirði: www.fuglar.is

Fuglavefurinn: www1.nams.is/fuglar

Fuglaverndarfélag Íslands: www.fuglavernd.is

Landvernd: www.landvernd.is

Náttúrufræðistofa Kópavogs: www.natkop.is

Náttúrufræðistofa Íslands: www.ni.is

Náttúrustofa Austurlands: www.na.is

Náttúrustofa Norðausturlands: www.nna.is

Náttúrustofa Norðurlands vestra: www.nnv.is

Náttúrustofa Reykjanes: www.nr.is

Náttúrustofa Suðurlands: www.nattsud.is

Náttúrustofa Vestfjarða: www.nave.is

Náttúruverndarsamtök Íslands: www.natturuverndarsamtok.is

Umhverfisráðuneytið: www.umhverfisaraduneyti.is

Umhverfisstofnun: www.ust.is



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA



UMHVERFISSTOFNUN